

Kristur og hin vantanlega Nýöld.

Þegar við komum að lokum þessarar skoðunar okkar á heimi okkar tíma og geislunum sem birtast í þjóðunum og eru áhrifavaldar í lífi fólksins, er að lokum eitt atriði sem mig langar að ræða um; það er á sviði trúmála og varðar mikilvægi jólanna.

Eins og þið vitið hefur tímabilið þegar sólin snýr aftur til norðurs verið talið tími hátíðar frá örófi alda; í þúsundir ára hefur það verið tengt sólguðinum sem kemur til bjargar heiminum og færir birtu og frjósemi til jarðarinnar og Guðssyninum sem færir mannkyninu von. Þeir sem ekki vita betur álíta jólin eingöngu hátíð Krists. Á það hefur kristin kirkja einnig lagt áherslu og allir þjónar hennar borið því vitni. Þetta er bæði rétt og rangt. Stofnandi kirkju Krists – Guð holdi klæddur – færði sér þetta tímabil í nyt og kom til okkar á myrkasta tíma ársins og hóf nýtt tímabil þar sem **ljósinu** var ætlað að vera einkennandi. Frá mörgum sjónarmiðum séð, jafnvel hinu efnislega, hefur það einnig verið raunin, því í dag búum við í upplýstri veröld, alls staðar er ljós og hinar niðdimmu nætur fyrri tíma heyra sögunni til. Ljós hefur einnig komið til jarðarinnar sem „ljós þekkingarinnar“. Nú á tímum er menntun, sem hefur það að markmiði sínu að leiða alla menn á hinn „upplýsta veg,“ aðaleinkenni siðmenningarinnar og er eitt meginverkefni allra þjóða. Í öllum löndum hefur hið yfirgnæfandi mikilvægi þess, að útrýma ólæsi, byggja upp sanna menningu og að halda á lofti sannleikanum á öllum sviðum hugsunar og rannsókna, verið viðurkennt.

Þess vegna er það svo að þegar Kristur lýsti því yfir (eins og hann vissulega gerði) ásamt með öllum frelsurum heimsins og sól-guðum, að hann væri ljós heimanna, markaði hann upphafið að dýrlegu tímabili þar sem mannkynið um allan heim er upplýst ljósi þekkingarinnar. Upphaf þess tímabils má rekja til jóladags fyrir tvö þúsund árum í Palestínu. Hann var mestur allra jóladaga og áhrifin voru meiri en af nokkurri fyrri fæðingu ljósbera í heiminn, því mannkynið var betur

undirbúið að taka á móti ljósinu.

Kristur kom í merki fiskanna, sem í æðri skilningi er merki hins guðlega milligöngumanns, en merki miðilsins í þeim lægri. Það er merki margra frelsara heimsins og þeirra guðlegu opinberanda sem koma á fót alheimslegum tengslum. Ég bið ykkur að veita þessari setningu athygli. Aðalhvati Krists til þessa sérstaka verkefnis var óskin um að koma á fót réttum samskiptum á milli manna. Það er einnig ósk mannkynsins – meðvituð eða ómeðvituð. Við vitum einnig að ósk allra þjóða mun rætast, að alls staðar muni verða rétt samskipti milli manna og að góðvilji verður til að uppfylla þá ósk, sem leiða mun til friðar um alla jörð og á meðal mannanna.

Frá alda öðli hafa jólin verið talin tímabil nýrra upphafa, betri tengsla milli manna og ánægjulegra samskipta í fjölskyldum og samfélögum. En alveg eins og kirkjurnar hafa horfið niður til algerlega efnislegrar túlkunar á kristindómi, hefur hin einfalda jólahátíð, sem glatt hefði hjarta Krists, úrkynjast og orðið að hátíð eyðslusemi og kaupmennsku og litið er á hana sem góðan tíma til viðskipta. Við verðum að hafa í huga að þegar einhver þáttur lifandi trúar er túlkaður algerlega efnislega og þegar menningin tapar andlegum eiginleikum sínum og andsvarar aðallega efnislegum gildum, hefur hún lokið sínu ætlunarverki og hlýtur að hverfa, og það í þágu lífsins og framfara.

Boðskapur fæðingarinnar er ætíð nýr, en í dag mætir hann engum skilningi. Á vatnsberaöld, sem við erum nú að ganga inn í, mun áherslan færast frá Betlehem til Jerúsalem, frá Kristi nýfæddum til Krists upprisins. Á fiskaöldinni höfum við séð útbreiðslu ljóssins, á vatnsberaöldinni munum við sjá upprisu ljóssins, en Kristur er eilíft tákn þeirra beggja.

Hin forna saga fæðingar Krists verður alhæfð sem saga hvers lærisveins og vígsluþega sem tekur fyrstu vígsluna, og gerist þar með þjónandi og ljósberi síns tíma í umhverfi sínu.

Á vatnsberaöld munu tvö merk tíðindi gerast:

1. Fæðingarvígslan mun hafa áhrif á hugsunarhátt manna og

vaxtarþrá hvarvetna.

2. Trúarbrögð hins upprisna Krists en ekki hins nýfædda eða krossfesta Krists munu verða allsráðandi.

Því er sjaldan gefið gaum að fólk svo hundruðum þúsunda skiptir í öllum löndum hefur tekið, eða er að undirbúa sig fyrir að taka þessa fyrstu vígslu, sem kölluð er Fæðingin í Betlehem, Hús brauðsins.

Mannkynið, alheimslærisveinninn, er nú tilbúinn til þess. Merki þess að ofangreind staðhæfing er rétt sést í umskiptum á áhuga manna alls staðar í átt til andlegra efna, mannúðarmála og velfarnaðar allra, einnig sést það í þrautseigju þeirri sem menn sýna í leitinni að ljósi, og löngun og þrá eftir sönnum friði sem byggist á réttum samskiptum milli manna, sem viljinn til góðs mun áorka. Þessi „hugur sem í Kristi“ sést í baráttu þeirra gegn trúarbrögðum efnishyggju og í því útbreidda átaki sem gert hefur verið í Evrópu og annars staðar til að skila landinu (Móður jörð, hinni sönnu Maríu Mey) til fólksins aftur. Það sést einnig í hinum stöðugu flutningum fólks um allan heim, stað úr stað, eins og sýnt er í fagnaðarerindinu á táknrænan hátt með ferðalagi Maríu með Jesús nýfæddan til Egyptalands.

Síðan kom þrjátíu ára tímabilið, eins og okkur er sagt í Nýja Testamentinu, þar sem Jesús óx frá bernsku til manndóms og gat þá tekið aðra vígsluna, skírnina í ánni Jórdan, og hafið starf sitt. Þeir mörgu sem tekið hafa fyrstu vígsluna í þessu lífi eru nú að hefja hina löngu táknrænu þrjátíu ára þögn, þar sem þeir munu einnig vaxa til manndóms og taka sína aðra vígslu. Sú vígsla birtir fullkomna stjórnun á eðli tilfinninganna og öllum eðliseigindum fiskamerkisins. Hægt er að líta á árin þrjátíu sem andlegan vaxtartíma sem spannar hin þrjú tímabil vatnsberaaldar. Með þessu vitna ég til þess sem kallað er á máli stjörnuspekinnar hinar þrjár tíundir hvers stjörnumerkis. Í merki vatnsberans mun vatni fiskaaldar verða safnað saman á táknrænan hátt í vatnskerið sem vatnsberinn ber á öxl sér, því vatnsberinn færir mönnunum vatn lífsins – líf í

ríkum mæli.

Hinn upprisni Kristur er sjálfur vatnsberinn á Vatnsberaöld. Að þessu sinni mun hann ekki verða fyrirmynd hins fullkomna lífs guðssonar, sem var aðal verkefni hans áður; hann mun koma sem æðsti stjórnandi hins andlega helgivalds og mun mæta þörf þjóða heimsins sem þyrstir eftir sannleikanum, eftir réttum samskiptum milli manna og kærleiksríkum skilningi.

Að þessu sinni munu allir þekkja hann og hann mun í eigin persónu bera vitni um **sannreynd** upprisunar og af því leiðir að hann mun einnig sýna fram á hliðstæða sannreynd sem er ódauðleiki sálar hins andlega manns.

Síðustu tvö þúsund árin hefur mest áhersla verið lögð á **dauðann**; hann hefur mótað allar kenningar kirkjunnar. Aðeins einn dagur hefur verið helgaður hugmyndinni um upprisuna. Á vatnsberaöld beinist athyglin að lífinu og frelsi frá gröf efnisins. Hin nýju alheimstrúarbrögð munu einkennast lífi og frelsi gagnstætt því sem á undan er gengið.

Þáskarnir og hvítasunnan verða aðalhátiðir kirkjuársins. Eins og þið vitið vel er hvítasunnan tákn um hin réttu samskipti milli manna, þar munu allir menn og þjóðir skilja hvor aðra, og – þrátt fyrir mismunandi tungumál – verður aðeins ein andleg tunga sem allir skilja.

Það er táknrænt að tvö mikilvæg atriði tengjast síðasta hluta guðspjallanna – annað rétt á undan og hið síðara rétt á eftir „dauða“ Krists. Þau eru:

- 1.Sagan um efri stofuna, en þangað leiddi maðurinn með vatnskerið (tákn vatnsberans) lærisveinana. Þar var hin fyrsta „heilaga kvöldmáltíð“ haldin með allra þátttöku og vísar með því fram til komandi aldar þar sem mikil samskipti milli manna verða einkennandi eftir prófraunir fiskaaldar. Slík sameiginleg „heilög kvöldmáltíð“ hefur ekki enn verið haldin, en það mun verða á hinn nýju öld.
- 2.Sagan um efri stofuna þar sem lærisveinarnir hittust og fengu sannan skilning á eðli hins upprisna Krists og öðluðust sannan og fullkomnan skilning á hvorum öðrum þrátt fyrir

hinn táknræna mismun tungumálanna. Þeir fengu vott af spádómsgáfu og sáu fyrir dálítið af undrum vatnsberaaldar.

Hugsýnir manna nú á tímum fjalla um vatnsberaöldina, jafnvel þó þeir geri sér það ekki ljóst. Í framtíðinni munum við sjá rétt samskipti milli manna, hið sanna samneyti þar sem allir hlutir eru allra sameign (vín, blóðið, líf og brauðið, efnahagsleg gnægð) og vilja til góðs. Við sjáum einnig fyrir okkur mannkynið þar sem allar þjóðir standa sameinaðar í gagnkvæmum skilningi og hinar mismunandi þjóðtungur – tákn mismunandi hefða, menningar, siðmenntunar og afstöðu – munu ekki takmarka rétt samskipti milli manna. Í slíkum sýnum er Kristur ævinlega miðpunkturinn.

Þannig munu þau markmið sem sett eru fram í stofnskrá Sameinuðupjóðanna ná fullkomlega fram að ganga og hin nýja kirkja Guðs, sem er kjarninn úr öllum trúarlegum og andlegum hreyfingum, mun sameiginlega binda enda á hina miklu erfðasynd aðskilnaðar.

Kærleikur, sameining og Kristur upprisinn verða þar, og hann mun sýna okkur **hið fullkomna líf**.

Úr bókinni Ætlunarverk þjóðanna (The Destiny of the Nations) eftir Alice A. Bailey, bls. 147–152.